



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

MYNL3TB05

Kennari	Gunnhildur Þórðardóttir, gunnhildur.thordardottir@fss.is	
Viðtalstími	Viðtalstími á þriðjudögum kl. 11.55-12:35 í stofu 301.	
Námsefni	Ljósrit frá kennara, efni frá veraldarvefnum og annað efni auk þess sem farið verður í safnfræðslu og sýningar á söfnum og vinnustofa listamanns heimsótt og Fablab Suðurnes. Nemendur nálgast gögn á INNU.	
Áfangalýsing	Markmið áfangans gengur út á að efla þrjá meginþætti: Teikningu sem tjáningarmiðil, með notkun mismunandi teikniefna og verkfæra. Myndgreiningu þar sem nemendur læra að formgreina listaverk og dýpka þannig skilning sinn á sjónrænum forsendum myndverka. Myndbyggingu þar sem nemendur læra að byggja upp eigin verk í form og lit. Mikil áhersla verður lögð á skissuvinnu og leit að myndefni.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Fjölbreytt verkefni unnin jafnt og þétt yfir önnina. Vinnubrögð, virkni og listrænt gildi eru lögð til grunnvallar námsmati. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Engin próf en leikni er metin út frá verklagi og færni í útfærslu verkefna. Hæfni er metin út frá sjálfstæði og sköðun í þróun hugmynda.	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Heiti	Vægi
	Verkefni	50%
	Skissubók	25%
	Virknir og raunmæting	25%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur koma undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Þá er ætlast til að þeir sækja allar kennslustundir og skili verkefnum á réttum tíma skv. mætingareglum skólans. Nemendur koma með skissubækur, teikniblyanta HB, 2B, og 6B. Efnisgjald er á INNU.	

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ólíkum teikniaðferðum • Ólíkum efnum til myndgerðar • Ferilvinnu frá skissu til verks • formrænum reglum myndbyggingar • Hugtökum til rökstuðning á vali fyrirmynda og sjónarhorna • Hugtökum til að setja verk sín og annarra í listsögulegt samhengi 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nota mismunandi áhöld í teikningu • Ná góðu valdi á frásagnarmáta teikningar • Ná góðu valdi a listrænni tjáningu í teikningu • Nota liti • Rökræða um listaverk • Nýta sér ljósmyndun við leit að viðfansefnum • Nota stafræna tækni við efnisöflun og útfærslu hugmynda
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Geta beitt mismunandi teikniaðferðum eftir því hvert viðfangsefnið er • Sýna fram á að hann skilji lögmál formrænnar uppbyggingar myndverka • Meta tengsl inntaks og formrænnar framsetningar listaverka • Rökstyðja myndbyggingu eigin myndverka • Beita gagnrýnni hugsun við túlkun og úrvinnslu listaverka • Vera fær um að byggja upp markvisst þróunarferli frá hugmynd að mynd • Taka þátt í gagnrýnni umræðu um eigin verk og annarra 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	8 vikur x 7 klst.	56 klst.
Heimavinna	8 vikur x 4 klst.	32 klst.
Undirbúningur	3 x 2 klst.	6 klst.
Rannsóknarvinna	12 klst	12 klst.
Alls		106 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
9. vika 3. - 7. mars <i>Námsmatsdagur - Miðannarmat</i>	Kynning á kennsluáætlun Frjáls teikning, læra að beita teikningu sem fjölbreyttum tjáningarmiðli og öðlast færni í að þróa hugmyndir í allar áttir. Athuga myndbyggingu, form, liti og lögun, ljós og skugga og efnisáferð.	Skissubók 4 skissur
10. vika 10. - 14. mars	Teikning framhald	Skissubók 4 skissur (8)
11. vika 17- 21. mars	Myndbygging, myndir byggðar upp í formi og lit. Uppröðum forma og lita skoðuð með uppstillingum og nemendur skissa og sýna markvissa þróunarvinnu í skoða formin. Klippimyndir, ljósmyndir, teikning og málun	Skissubók 4 skissur (12)
12. vika 24. - 28. mars	Framh. myndbygging	Skissubók 4 skissur (16)
13. vika 31. mars - 4. apríl	Myndgreining, nemendur velja verk eftir ákveðinn listamann sem þeir ætla að vinna með. Listaverkið formgreint og fjallað um það í skriflegu verkefni. Nemendur skissa síðan út frá myndverkinu, sýna sína eigin tillögur og hugmyndir og útfæra það síðan og sýna fram á markvissa þróun	Skissubók 4 skissur (20)
14. vika 7. - 11. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Framh. myndgreining	Skila verkefni myndgreining Skissubók 4 skissur (24)
15. vika 22. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Framh. Myndgreining og nemendur klára kynningar	Skila kynningum listamaður Skissubók 4 skissur (28)
16. vika 28. apríl - 2. maí	Framh. Myndgreining og klára önnur verkefni	Skissubók 4 skissur (32)
17. vika 5. - 9. maí	Lokaskil möppur og skissubækur	Skila lokaverki, fyrirlestri og skissubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Gunnhildur Þórðardóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja